



## KKA – Akstursíþróttafélag

Reiðveganefnd Léttis  
Sverrir Pálmason, formaður.  
[Beykilundi 14](#)  
600 Akureyri

Akureyri 5. september 2008

### **Efni: Samstarf með Umferðarnefnd KKA.**

Ég leyfi mér f.h. umferðarnefndar KKA að óska eftir samstarfi við Reiðveganefnd Léttis í sameiginlegum hagsmunamálum félaganna við að halda opnum gömlum stígum og þjóðleiðum o.fl..

Okkur langar til að búa til í samstarfi við Reiðveganefndina yfirlit yfir leiðir sem félögin fara saman og þær leiðir sem ekki er farið saman.

1. Merkja inn reiðleiðir sem alls ekki má aka á motorhjólum, þar væru vitanlega allar reiðleiðir sem búnar hafa verið til í bæjarlandinu og leiðin á bökkum Eyjafjarðarár og fleira.
2. Merkja sameiginlegar leiðir og kynna félagsmönnum að þar kunna leiðir hestamanna og hjólamanna að liggja saman.
3. Gera reglur um sameiginlegar leiðir og merkja þær með skiltum, t.d. búa til skilti þar sem kemur fram að umferð hjóla vikur f. umferð hestamanna, (t.d. setja upp með myndrænum hætti svipað og merki um að umferð víkji). Reglur á skilti í stuttu máli, stöðva út við kant, hjálmur af o.s.frv. Líka reglur fyrir hestamenn til að gæta öryggis allra. Ræða þetta.
4. Bíldsárskarðið. Komast að sameiginlegum notum og merkja það þannig.

Ég tel það mikilvægt að við hefjum samstarf á þessum grunni. Bæði félögin vilja halda opnum t.d. gömlum þjóðleiðum. Unnið er að því að koma upp gps safni slóða og stíga til að þeir megi fara inn á kort. Það er ekkert vit í því að metast um hvorir slíti vegum og slóðum meira hestar eða hjól, það endar vitanlega með því að báðum aðilum verður meinaður aðgangur að slóðum.

Ég tel að eina vitið sé að við störfum saman. Bæði félögin eru útvistarfélög í skilningi náttúruverndarlaga og á ekkert að vera því til fyrirstöðu að við störfum saman en ekki í sundurlyndi og ósætti.

Virðingarfyllst,  
f.h. umferðarnefndar KKA

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA.